

LÖG**um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911,
um forgangsrétt kandidateata frá Háskóla Íslands til embætta,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna kemur ný mgr. er orðast svo:

Svo er og ríkisstjórninni heimilt að veita kandidateitum í guðfræði frá háskólum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð prestsembætti hér á landi, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum til þess að fá slík embætti og guðfræðideild mæli með því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.

LÖG**um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram skal fiskkaupandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Þó skulu 6½% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru yfir 240 brúttórúmllestir, en 22½% ekki, og 10½% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru 240 brúttórúmllestir og minni, en 18½% ekki.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjárskjalds skv. lögum nr. 4/1976 draga 6% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar

frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaflaverðlauna og hlutar skv. kjarasamningum.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda ákvæði þeirra frá 1. febrúar 1986 og taka til afla sem landað er frá þeim tíma. Frá og með 1. febrúar 1986 að telja eru felld úr gildi ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 71 30. maí 1984, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, með síðari breytingum, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 9 26. apríl 1985.

Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

LÖG

um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Reykjavíkurborg að gjöf til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Viðey í Kollafirði, þar með talin hvers kyns mannvirki. Afhendingin er bundin því skilyrði að Reykjavíkurborg taki að sér og kosti verndun þeirra minja sem eru á eyrni og afhentar eru. Skal sú verndun á hverjum tíma vera í samræmi við fyrirmæli þjóðminjalaga eftir því sem við á og fara fram í fullu samráði við þjóðminjavörð.

2. gr.

Reykjavíkurborg er óheimilt að selja þennan eignarhluta eða láta hann af hendi nema til ríkisins. Hætti Reykjavíkurborg að annast eignarhlutann á þann hátt sem 1. gr. mælir fyrir um fellur hann undir ríkið að nýju endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.